



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps
Fundarboð og málefni

Fundur nr.136 í skipulagsnefnd **Málsnr. 1801006** haldinn á Kirkjubæjarstofu
Kirkjubæjarklaustri, þriðjudaginn 3. apríl 2018 klukkan 15:00.

Mætt eru til fundar Kristbjörg Hilmarsdóttir formaður nefndarinnar, Jóhannes Gissurarson, Ragnar Smári Rúnar, Bjarki Guðnason og Guðbrandur Magnússon ásamt Söndru Brá Jóhannsdóttur sem jafnframt ritar fundargerð. Margrét Ólafsdóttir frá Landmótun situr fundinn í gegnum fjarfund á Skype.

1. 1710004 Efnistaka í Hverfisfljóti – breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps

Umsagnir um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps vegna efnistöku í Hverfisfljóti bárust frá Minjastofnun, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Eldvötnum – samtökum um náttúruvernd í Skaftárhreppi, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Benedikt Traustasyni og Steinunni Sigurðardóttur.

Farið var yfir umsagnir og athugasemdir til kynningar.

2. 1803002 Beiðni um niðurrif rafstöðvar við Tungulæk – umsögn Minjastofnunar Íslands.

Samkvæmt Minjastofnun Íslands telst húsið sem slíkt ekki nægilega gamalt til að fá umfjöllun stofnunarinnar en túrbínuna í húsinu ætti að varðveita sérstaklega t.a.m. á Byggðasafninu á Skógum að mati minjavarðar.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við niðurrif rafstöðvarhússins en hvetur eigendur til að fylgja tillögum Minjastofnunar varðandi varðveislu túrbínunnar. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

3. 1803003 Áfangastaðaáætlun Suðurlands, DMP. Til umsagnar og athugasemda.

Markaðsstofa Suðurlands sendi sveitarstjórnnum á Suðurlandi til umsagnar áfangastaðaáætlun Suðurlands. Sveitarstjórn tók erindið fyrir á 418. fundi sínum og vísaði málinu til umfjöllunar í skipulagsnefnd og umhverfis- og náttúruverndarnefnd.

Skipulagsnefnd telur fátt í áfangastaðaáætluninni sem myndi fara inni aðalskipulag sveitarfélagsins. Fremur sé um að ræða óskalista yfir framtíðarsýn. Skipulagsnefnd telur mörg starfsmarkmiðanna óraunhæf og of viðamikil og tímarammi of skammur.

4. 1803008 Umsókn um endurnýjun á stöðuleyfi við Kirkjufellsvatn

Jón Þorsteinsson f.h. veiðifélagsins Kirkjufellssókn sækir um endurnýjun á stöðuleyfi veiðihúss við Kirkjufellsvatn.

Skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að afla frekari gagna vegna málsins. Afgreiðsla málsins frestað til næsta fundar.

5. 1803009 Umsókn um stofnun lóðar fyrir starfsmannahús á Geirlandi.

Gísli Kjartansson sækir um stofnun lóðar fyrir starfsmannahús í landi Geirlands.

Samþykkt í skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

*Guðbrandur M.
Jóhannes Gissurarson
Ragnar S.
Bjarki U.
Söndru Brá Jóhannsdóttir
Kristbjörg Hilmarsd.*

6. 1803010 Breyting á skráningu fasteignar.

Arna Guðbjörg og Hörður Eypórsson sækja um að breyta sumarhúsi í landi Ásgarðs með fastanúmer 223-8121 í íbúðarhús. Þau ætla að nýta húsið sem íbúðarhús en með þessari breytingu fá þau vissa grunnþjónusta.

Samþykkt í skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

7. 1804001 Laufskálavarða – salernisaðstaða og bílastæði.

Erindi frá sönnum landvættum um að tillaga að salernisaðstöðu og bílastæði við Laufskálavörðu verði grenndarkynnt.

Skipulagsnefnd mælist til að farið verið strax í deiliskipulag skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkir ekki grenndarkynningu á verkefninu.

Fundi slitið kl. 16:33

Sandra Bráfhannsd.
Rutbránn M
Jónnir
Ragnar S.
Bjarki U.
Kristbjörg Hilmarisdóttir

